



Öldrunarráð Íslands

DAS Hrafnista, Laugarási, 104 Reykjavík
Sími: 585 9406 ■ oldrunarrad@oldrunarrad.is

Reykjavík, 4. desember 2014.

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar
um gerð framkvæmdaáætlunar til langs tíma um uppbyggingu
heilbrigðiskerfisins.
144. löggjafarþing 2014–2015. Þingskjal 39 — 39. mál.**

Stjórn Öldrunarráðs Íslands lýsir yfir ánægju með tillögu til þingsályktunar um gerð framkvæmdaáætlunar til langs tíma um uppbyggingu heilbrigðiskerfisins.

Frumvarpið mun án efa geta verið til mikilla hagsbóta fyrir stóran hóp aldraðra einstaklinga í þjóðfélaginu, sem og aðra landsmenn.

Öldrunarráð minnir þó á að öldruðum mun fjölga hlutfallslega mikið á næstu árum og því mikilvægt og nauðsynlegt að hagsmunir þeirra gleymist ekki við framkvæmd uppbyggingarinnar.

Jafnframt minnir Öldrunarráð á að stjórnvöld verða að tryggja eðlilegt, raunhæft og nægilegt fjármagn svo að af framkvæmd stefnunnar verði.

Þar sem Öldrunarráð hefur lengi bent á mikilvægi þess að framkvæmdaáætlun sem þessi verði að veruleika, lýsir ráðið sig tilbúið til samstarfs við mótun áætlunarinnar eins og þurfa þykir.

F.h. stjórnar Öldrunarráðs Íslands,

Pétur Magnússon
formaður